

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Orðin „(hlutafé)“ og „(hlutir)“ í a-lið falli brott.
 - b. Í stað orðsins „aðili“ í b-lið efnisliðar c-liðar komi: félagsaðili.
 - c. Í stað orðanna „aðili að öðru félagi og hefur ákvörðunarvald“ í c-lið efnisliðar c-liðar komi: félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til ákvörðunarvalds.
 - d. Í stað orðsins „aðili“ í d-lið efnisliðar c-liðar komi: félagsaðili.
 - e. Í stað orðsins „félögum“ í a-lið efnisliðar e-liðar komi: félagi.
 - f. B-liður efnisliðar e-liðar orðist svo: draga frá heildaratkvæðamagninu í viðkomandi félagi atkvæðamagn sem er í höndum þess sjálfs eða dótturfélaga þess og.
2. Við 6. gr. Á eftir orðunum „frá þeim“ í 2. efnismgr. komi: í undantekningartilvikum.
3. Við 11. gr. Í stað orðanna „nema um óverulega fjárhæð sé að ræða“ komi: þegar um er að ræða skekkju eða breytingu á reikningsskilaaðferð. Samanburðarfjárhæðum skal þá breytt til samræmis nema það sé bundið sérstökum vandkvæðum og skal það þá upplýst í skýringum.
4. Við 12. gr. Á eftir orðunum „einstakra eigna“ komi: sbr. 24. gr.
5. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
 3. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Endurmatsreikning, sem myndaður er skv. 2. mgr., skal leysa upp til jafns við fjárhæð árlegrar afskriftar af mismun á endurmetnu verði og kostnaðarverði. Einnig skal leysa upp endurmatsreikning ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.
6. Við 21. gr. bætist við nýr staflíður er verði a-liður og orðist svo: Á eftir orðunum „frestaða skattskuldbindingu“ í 1. másl. 3. mgr. komi: eða skattinneign.
7. Á eftir 38. gr., sem verður 39. gr., komi ný grein er orðist svo:

Í stað tilvísunarinnar „4. gr.“ í 2. mgr. 76. gr. laganna kemur: 2. gr.
8. 43. gr. falli brott.
9. Við 44. gr.
 - a. Í stað orðanna „1. janúar 2003“ í 1. mgr. komi: nú þegar.
 - b. Í stað tilvísunarinnar „36.–38. gr.“ í 2. mgr. komi: 37.–39. gr.